

**Fundargerð 12. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
6. mars 2019 , kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnarsýslusviðs.

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022 - 1809099

Á 17. fundi bæjarráðs þann 13. febrúar 2019 var lögð fram tillaga um framkvæmdaáætlun 2019. Bæjarráð samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu um framkvæmdaáætlun 2019. Bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun vegna framkvæmdaáætlunar.

Á 17. fundi bæjarráðs var einnig lagt fram minnisblað með tillögu varðandi fæðiskostnað starfsmanna í grunnskólum Suðurnesjabæjar. Bæjarráð samþykkti tillöguna samhljóða.

Til máls tóku: EJP og DB.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs á tillögu um framkvæmdaáætlun samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs á tillögu um fæðiskostnað starfsmanna grunnskólanna samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 lá fyrir tillaga um viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2019, varðandi framkvæmdaáætlun. Bæjarráð samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta viðaukann.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að staðfesta viðauka tvö við fjárhagsáætlun 2019 er varðar framkvæmdaáætlun.

3. Samningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um rekstur Náttúrustofu - 1811094

Á 17. fundi bæjarráðs þann 13. febrúar 2019 lágu fyrir drög að samningi um framlög til rekstrar Náttúrustofu Suðvesturlands í Sandgerði. Bæjarráð samþykkti að fela bæjarstjóra að undirrita og ganga frá samningi við ráðuneytið samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að samningi.

Til máls tók: EJP

*Afgreiðsla:
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

4. Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda - 1902033

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 var fjallað um minnisblað bæjarstjóra og erindi frá félagasamtökum með ósk um styrki til greiðslu fasteignagjalda. Bæjarráð samþykkti að veita félagasamtökum styrki til greiðslu allra álagðra fasteignagjalda. Jafnframt var samþykkt að fela bæjarstjóra að láta vinna verklagsreglur um styrki til félagasamtaka til greiðslu fasteignagjalda og leggja tillögu þar um fyrir bæjarráð.

*Afgreiðsla:
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

5. Persónuverndarstefna Suðurnesjabæjar - 1809116

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 lágu fyrir drög að persónuverndarstefnu Suðurnesjabæjar. Bæjarráð samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta persónuverndarstefnu Suðurnesjabæjar, sbr fyrirbyggjandi drög.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að staðfesta persónuverndarstefnu Suðurnesjabæjar.

6. Þekkingarsetur Suðurnesja - 1902052

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 var fjallað um erindi frá Þekkingarsetri Suðurnesja dag. 1. febrúar 2019. Í erindinu er ósk um styrk til vegna viðgerða á sýningunni Heimskautin heilla. Bæjarráð samþykkti að veita styrk í samræmi við erindið að hámarki 2,4 milljónir. Bæjarráð leggur áherslu á að samkomulag vegna reksturs og umsjónar sýningarinnar Heimskautin heilla verði kláruð hið fyrsta.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

7. Starfsmannamál - almennt - 1811032

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 var fjallað um tillögu að verklagsreglum um gjafir, kveðjur og árshátíð starfsmanna. Bæjarráð samþykkti tillögu að verklagsreglum.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

8. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpa staða á sameiningarhugmyndum - 1806442

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 lágu fyrir drög að samningi um ráðgjöf. Bæjarráð samþykkti að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með átta atkvæðum. Fulltrúi B-lista situr hjá.

9. Gerðaskóli - húsnæðismál - 1809079

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 var fjallað um minnisblað bæjarstjóra og erindi frá stjórnendum Gerðaskóla, varðandi húsnæðismál skólans. Bæjarráð samþykkti að skipaður verði stýrihópur sem fái það verkefni að láta vinna þarfagreiningu um húsnæðisþörf Gerðaskóla og mat á lýðfræðilegum þáttum, svo sem um þróun fjölda nemenda Gerðaskóla. Stýrihópurinn skipi formaður bæjarráðs, bæjarstjóri og skólastjóri Gerðaskóla. Stýrihópurinn skili skýrslu til bæjarráðs fyrir lok maí 2019.

Til máls tók: EJP, ÓÞÓ, DB og MSM

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

10. HS Veitur - aðalfundarboð - 1902080

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 lá fyrir boð á aðalfund HS Veitna þann 27. Mars 2019. Bæjarráð samþykkti að Haraldur Helgason sækji fundinn sem fulltrúi Suðurnesjabæjar. Jafnframt var samþykkt að bæjarráð setji sig ekki upp á móti tillögu sem liggur fyrir aðalfundinum varðandi kaup á eigin hlutabréfum félagsins.

Til máls tóku: EJP, MSM, ÓÞÓ

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

11. Sólseturshátíð 2019 - 1902082

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 var fjallað um drög að samstarfssamningi við Knattspyrnufélagið Víðir um framkvæmd Sólseturshátíðar 2019. Bæjarráð samþykkti að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn. Framlag sveitarfélagsins til hátíðarinnar er í samræmi við fjárhagsáætlun 2019. Samningnum vísað til kynningar hjá Ferða-, safna- og menningarráði.

Til máls tók: EJP og PSG

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

12. Byggðamerki og hönnunarstaðall - 1809069

Fyrir liggur tillaga frá Hvíta húsinu um byggðamerki og hönnunarstaðal Suðurnesjabæjar.

Til máls tóku: EJP, ÓÞÓ og DB.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða nýtt byggðamerki fyrir Suðurnesjabæ og hönnunarstaðal sem liggur fyrir í tillögu frá Hvítahúsinu.

Bæjarstjórn lýsir ánægju sinni með byggðamerkið og þakkar hönnuði fyrir hans vinnu en hér er um mikilvægan áfanga að ræða hjá Suðurnesjabæ. Bæjarstjórn þakkar einnig þeim aðilum sem sendu inn tillögur að hugmyndum í undirbúningsvinnunni.

Hönnuður byggðamerkisins er Bjarki Lúðvíksson, grafískur hönnuður hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu. Í merkinu sem byggir á tengslum við hafið má sjá skip búið seglum bera við sjóndeildarhringinn og samhverfan í línum skipsins og öldum hafsins undir því sem vísa í sameininguna. Skipið sjálft er hvítt en grunnliturinn blár, litur himins og hafs.

13. Forkaupsréttur fiskiskipa - 1903011

Borist hefur kauptilboð í fiskiskipið Huldu GK-17, sem er skráð í Sandgerði. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða á sveitarfélagið forkaupsrétt við sölu skipsins. Skipið verður selt án veiðiheimlda.

Til máls tóku: EJP og MSM.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að Suðurnesjabær neyti ekki forkaupsréttar við sölu fiskiskipsins Huldu GK-17.

14. Bæjarráð - 17 - 1902002F

Fundur dags. 13.02.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

14.1 1809099 - Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022

Afgreiðsla:

Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samhljóða tillögu um framkvæmdaáætlun 2019. Bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun vegna framkvæmdaáætlunar.

Tillaga um fæðiskostnað starfsmanna grunnskóla Suðurnesjabæjar samþykkt samhljóða.

14.2 1806474 - Bjarg Húsnæði stofnframlag

Afgreiðsla:

Minnisblöð frá fundi lögð fram.

Samþykkt að fela bæjarstjóra að láta vinna upp þær upplýsingar sem lagt er til í minnisblaði dags. 13.2.

14.3 1902007 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

14.4 1810021 - Ferskir vindar - Alþjóðleg listahátíð

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að vinna að samningi við Ferska vinda um listahátíð 2019-2020 sem verði lagður fyrir bæjarráð.

- 14.5 1901105 - Samband íslenskra sveitarfélaga landsþing 2019
Afgreiðsla:
Lagt fram til kynningar.
- 14.6 1902008 - Sýslumaðurinn á Suðurnesjum umsókn um tækifærisleyfi - ósk um umsögn
Afgreiðsla:
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir um veitingu leyfisins.
- 14.7 1901049 - Styrkir almennt - 2019
Afgreiðsla:
Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar og umsagnar hjá íþróttá- og tómstundaráði með ósk um tillögur að verklagsreglum um afgreiðslu sambærilegra erinda.
- 14.8 1901050 - Íþróttamiðstöðvar 2019
Afgreiðsla:
Lagt fram til umræðu en afgreiðslu frestað. Samþykkt að vísa málinu til umfjöllunar hjá íþróttá- og tómstundaráði.
- 14.9 1810056 - Guðni á trukknun heimildamynd
Afgreiðsla:
Verkefnið verður styrkt með kaupum á eintökum af myndinni að upphæð allt að 100.000 kr.
- 14.10 1902033 - Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda
Afgreiðsla:
Lagt fram og afgreiðslu frestað.
- 14.11 1811094 - Samningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um rekstur Náttúrustofu
Afgreiðsla:
Samþykkt að fela bæjarstjóra að undirrita og ganga frá samningi við ráðuneytið samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að samningi.
- 14.12 1811032 - Starfsmannamál - almennt
Afgreiðsla:
Lagt fram og afgreiðslu frestað.
- 14.13 1902040 - Suðurnes-samstarf um heimsmarkmið SÞ
Afgreiðsla:
Lagt fram til kynningar.
- 14.14 1901053 - Öldungaráð Suðurnesja-fundargerðir 2019

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

Bæjarráð tekur undir með Öldungaráði Suðurnesja að óásættanlegt sé að engin heilsugæsla sé í Suðurnesjabæ.

15. Bæjarráð - 18 - 1902007F

Fundur dags. 27.02.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

15.1 1902033 - Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda

Afgreiðsla:

Samþykkt að veita félagasamtökun styrki til greiðslu allra álagðra fasteignagjalda.

Samþykkt að fela bæjarstjóra að láta vinna verklagsreglur um styrki til félagasamtaka til greiðslu fasteignagjalda og leggja tillögu þar um fyrir bæjarráð.

15.2 1811032 - Starfsmannamál - almennt

Afgreiðsla:

Tillaga að verklagsreglum um gjafir, kveðjur og árshátíð starfsmanna samþykktar.

15.3 1809116 - Persónuverndarstefna Suðurnesjabæjar

Afgreiðsla:

Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta persónuverndarstefnu Suðurnesjabæjar, sbr fyrirleggjandi drög.

15.4 1902052 - Þekkingarsetur Suðurnesja

Afgreiðsla:

Samþykkt að veita styrk í samræmi við erindið að hámarki 2.4 milljónir. Bæjarráð leggur áherslu á að samkomulag vegna reksturs og umsjónar sýningarinnar Heimskautin heilla verði klárað hið fyrsta.

15.5 1806442 - Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpa staða á sameiningarhugmyndum

Afgreiðsla:

Viðauki við samning lagður fram til staðfestingar. Samþykkt að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn.

15.6 1809079 - Gerðaskóli - húsnæðismál

Afgreiðsla:

Samþykkt að skipaður verði stýrihópur sem fái það verkefni að láta vinna

þarfagreiningu um húsnæðisþörf Gerðaskóla og mat á lýðfræðilegum þáttum, svo sem um þróun fjölda nemenda við skólann. Stýrihópurinn skipi formaður bæjarráðs, bæjarstjóri og skólastjóri Gerðaskóla. Stýrihópurinn skili skýrslu til bæjarráðs fyrir lok maí 2019.

- 15.7 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar

Afgreiðsla:

Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta viðauka nr. 2.

- 15.8 1902069 - Umboð

Afgreiðsla:

Samþykkt að staðfesta umboð til handa sviðsstjóra stjórnsýslusviðs til undirritunar skjala fyrir hönd Suðurnesjabæjar.

- 15.9 1902070 - Suðurnesjabær - hátíðir og viðburðir

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela Ferða-, safna- og menningarráði að fjalla um og gera tillögur um fyrirkomulag bæjarhátíða í sveitarfélaginu eftir árið 2019, einnig um fyrirkomulag áramótabrenna. Tillögur berist bæjarráði eigi síðar en fyrir lok ágúst 2019.

Samþykkt að fela bæjarstjóra í samráði við mannauðsstjóra og starfsfólk að gera tillögu um árlegan fögnuð starfsmanna eftir árið 2019. Tillaga berist bæjarráði eigi síðar en fyrir lok ágúst 2019.

- 15.10 1902075 - Lög og reglugerðir til umsagnar

Afgreiðsla:

Lagt fram.

- 15.11 1807087 - Síminn Samningar um Símvist og fjarskiptaþjónustu

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

- 15.12 1902080 - HS Veitur - aðalfundarboð

Afgreiðsla:

Samþykkt að Haraldur Helgason bæjarfulltrúi sækji fundinn sem fulltrúi Suðurnesjabæjar.

Samþykkt að bæjarráð setji sig ekki upp á móti tillögu sem liggur fyrir aðalfundinum varðandi kaup á eigin hlutabréfum félagsins.

- 15.13 1901039 - Samstarfssamningar félagasamtök

Afgreiðsla:

Samþykkt að vísa drögum að samningum til umfjöllunar í Íþrótt- og tómsundaráði. Afgreiðslu frestað til næsta fundar bæjarráðs.

- 15.14 1902082 - Sólseturshátíð 2019

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn. Framlag sveitarfélagsins til hátíðarinnar er í samræmi við fjárhagsáætlun 2019. Samningnum vísað til kynningar hjá Ferð-, safna- og menningarráði.

16. Fræðsluráð - 5 - 1901017F

Fundur dags. 05.02.2019.

Til máls tók: ÓÞÓ

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram. Ábendingum varðandi leikskólamál er vísað til þeirrar vinnu sem nú er í gangi varðandi þau málefni.

16.1 1807110 - Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta

Fræðsluráð býður Guðrúnu Björgu velkomna á fundinn.

Fræðsluráð fagnar því að mótun fjölskyldusviðs sé komið af stað.

Fræðsluráð mælir með framlengingu á samningi við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar út skólaárið 2019-2020 til að skapa svigrúm fyrir mótun skólaþjónustu innan Suðurnesjabæjar.

Fræðsluráð leggur áherslu á mikilvægi þess að nýta þetta einstaka tækifæri til að móta víðtæka þjónustu við fjölskyldur í Suðurnesjabæ.

16.2 1901013 - Leikskólamál

Minnisblað Róberts Ragnarssonar um ungbarnaleikskóla og minnisblað Magnúsar Stefánssonar af fundi um leikskólann Sólborg lögð fram til kynningar.

Fræðsluráð leggur til að skoðaður verði sá kostur að byggðir verði ungbarnaleikskólar í báðum byggðarkjörnum enda sýna tölur að þörfin er fyrir hendi.

Fræðsluráð leggur áherslu á að inntökureglur á leikskólum sveitarfélagsins verði samræmdar.

Fræðsluráð bendir á að litið verði gagnrýnum augum á viðmiðunarreglur um rými á hvert barn með þarfir nútíma skólastarfs á leikskólum í huga. Einnig út frá lýðheilsfræðilegum sjónarmiðum barna og starfsfólks.

17. Framkvæmda- og skipulagsráð - 8 - 1902012F

Fundur dags. 26.02.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

17.1 1807105 - Stækkun Keflavíkurflugvallar - drög að matsáætlun

Ráðið gerir ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun vegna stækkunar Keflavíkurflugvallar.

17.2 1901099 - Þinghóll 3 - umsókn um byggingarleyfi

Samþykkt. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.

- 17.3 1901103 - Víkurbraut 9 - stækkun byggingareits
Lóðin Víkurbraut 9 er ekki á deiliskipulögðu svæði og því er ekki í gildi neinn byggingarreitur fyrir lóðina. Ráðið tekur jákvætt að heimila stækkun á framhluta húss til norðvestur. Ekki er svigrúm á núv. lóð til að stækka húsið í aðrar áttir. Stækkun hús yrði þó í öllum tilfellum einungis heimiluð að undangenginni grenndarkynningu og því að gámabyggingar sem reistar hafa verið án leyfis umhverfis húsið hafi verið fjarlægðar.
- 17.4 1902071 - Nátthagi 5 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 17.5 1901091 - Fagurhóll 22, 24, 26, 28 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 17.6 1806454 - Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegjar:Tillaga að deiliskipulagi 2018
Skipulagsfulltrúa falið að útfæra tillögu af norðurhluta svæðisins með t.t. umræðu á fundinum.
- 17.7 1902074 - Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019
Farið yfir tillögur að breytingum á skólalóð Gerðaskóla og viðbyggingu á aukaklefa við Íþróttamiðstöðina í Garði

18. Hafnarráð - 5 - 1902011F

Fundur dags. 26.02.2019.

Til máls tóku: EJP, PSG, MSM og HH.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

- 18.1 1806557 - Sandgerðishöfn: suðurbryggja: stálþil
Farið yfir framgang framkvæmda við Suðurgarð. Verkið hefur tafist og ekki gengið eins og upp var lagt með. Hafnarráð lýsir vonbrigðum með tafir verksins, sem kemur niður á þjónustu hafnarinnar og starfsemi.
- 18.2 1812031 - Sandgerðishöfn - framkvæmdir og starfsemi hafnarinnar
Sundurliðað yfirlit yfir viðhaldsverkefni, með kostnaðaráætlun verður lagt fyrir næsta fund Hafnarráðs.
- 18.3 1806805 - Gjaldskrá: Sandgerðishöfn
Samþykkt að veita heimild til afsláttar af flotbryggjugjaldi vegna viðlegu smábáta til lengri tíma.
- 18.4 1811032 - Starfsmannamál - almennt
Auglýst hefur verið eftir starfsmanni við höfnina og rennur umsóknarfrestur út mánudaginn 4. mars.
- 18.5 1902065 - Sandgerðishöfn - stefnumótun
Samþykkt að undirbúa vinnu við stefnumótun fyrir Sandgerðishöfn.
Samþykkt að fela hafnarstjóra, í samráði við formann Hafnarráðs og bæjarstjóra, að leggja fyrir Hafnarráð tillögu um vinnu við stefnumótun fyrir

höfnina.

19. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2019 - 1901110

7. fundur dags. 28.02.2019.

Til máls tók: ÓÞÓ og HS.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

20. Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerðir 2019 - 1901109

868. fundur stjórnar dags. 22.02.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram til kynningar.

21. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2019 - 1902057

a) 740. fundur stjórnar dags. 16.01.2019.

b) 741. fundur stjórnar dags. 18.02.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

22. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1901063

500. fundur stjórnar dags. 20.02.2019.

Til máls tók: EJP og LE.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram til kynningar.

23. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1902013

276. fundur dags. 27.02.2019.

Til máls tók: PSG og HH

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram til kynningar.

24. Heklan fundargerðir 2019 - 1902058

70. fundur stjórnar dags. 15.02.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram til kynningar.

25. Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja - fundargerðir 2018 - 1811093

17. fundur dags. 13.12.2018.

Til máls tók: ÓÞÓ, HH og EJP.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram til kynningar.

12. fundur Bæjarstjórnar
07.03.2019

26. Reykjanes jarðvangur fundargerðir 2019 - 1902041

Fundur stjórnar dags. 08.02.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram til kynningar.

27. Þekkingarsetur Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1902094

29. fundur stjórnar dags. 26.02.2019.

Til máls tók: FS

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 18:40.

Einar Jón Pálsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Haraldur Helgason

Ólafur Þór Ólafsson

Laufey Erlendsdóttir

Fríða Stefánsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Pálmi Steinar Guðmundsson

Daði Bergþórsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir
